

Sveitarfélagið Hornafjörður
Anna Bragadóttir
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 24.2.2022
UST202202-249/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Breiðabólstaðartorfa – Sveitarfélagið Hornafjörður

Vísað er til erindis umhverfis – og skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 21. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Breiðabólstaðartorfu í Suðursveit í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Í erindinu kemur fram markmið með deiliskipulaginu er að móta ramma um byggð á Breiðabólstaðartorfu og staðsetja grunninnviði. Skilgreindar eru byggingarheimildir til að þróa byggðina áfram og efla starfsemi á svæðinu. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu íbúðarhúsnæðis fyrir fasta íbúa og starfsfólk sem býr í skemmri tíma á staðnum. Ennfremur gistirými í viðbyggingum við gistihús sem þegar standa og nýjum smáhýsum. Heimiluð er endurnýjun eldri húsa og bygging nýrra til notkunar í landbúnaði og til að þróa ferðapjónustu á staðnum. Auk þess segir að skipulagssvæðið nái til meginhluta séreignarlanda bæjanna, rúmlega 33 hektara, og jaðarsvæðis þeirra, alls rúmlega 60 hektara.

Ásýnd og rask

Þar sem tillagan gerir ráð fyrir töluverðum framkvæmdum og auknu byggingarmagni er mikilvægt að halda raski í lágmarki.

Að mati Umhverfisstofnunar mun tillagan hafa óveruleg til neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins og því mikilvægt að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er. Í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landsskipulagsstefnu segir að mikilvægt sé að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmíðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“

Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á að syðst á svæðinu er votlendi sem fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess fellur Breiðabólstaðarlón undir sama ákvæði.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og ákvæði laganna og áhrif tillögunnar á votlendið sé metið.

Í skipulagsáætluninni er ekki fjallað sérstaklega um framkvæmdir sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun lítur því svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. og áskilur sér rétt til umsagnar áður en veitt er leyfi vegna framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur